

Priðjudaginn 24. mars 1998.

Nr. 129/1998. **Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**

(sjálfur)

gegn

Unnari Sigurði Hansen

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. og 106. gr. laga nr. 19/1991. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 12. mars 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 22. apríl nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 12. mars sl. var varnaraðili sakfelldur fyrir fjölda brota gegn 244. gr. og 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk umferðarlagabrots og fíkniefnabrots. Voru öll þessi brot framin í október og nóvember 1997.

Varnaraðili reisir kröfu sína aðallega á því, að héraðsdómarinn, sem kvað upp hinn kærða úrskurð, hafi verið vanhæfur til þess, þar sem hann hafi skömmu áður kveðið upp fyrrnefndan dóm og þannig tekið efnislega afstöðu í málinu. Þessi röksemd er með öllu haldlaus.

Samkvæmt því, sem að framan greinir um brot varnaraðila, og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður fallist á, að fullnægt sé skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. og 106. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Það athugast, að úrskurður héraðsdóms var kveðinn upp 12. mars sl., og lýsti varnaraðili, sem viðstaddur var uppkvaðningu hans, þá þegar yfir kæru til Hæstaréttar. Kærumálgögn bárust hins vegar ekki Hæstarétti fyrr en 19. sama mánaðar. Þessi töf á afgreiðslu málgagna er aðfinnsluverð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 12. mars 1998.

Ár 1998, fimmtudag 12. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. R-10/1998: Krafa um gæsluvarðhald yfir Unnari Sigurði Hansen.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði hefur krafist þess, að gæsluvarðhaldsfanganum Unnari Sigurði Hansen, kt. 170966-4659, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 22. apríl 1998 eða þar til dómur gengur í máli hans í Hæstarétti.

Kl. 16.30 í dag var kveðinn upp dómur yfir Unnari Sigurði Hansen. Hlaut dómþoli tveggja ára fangelsi. Hann lýsti yfir áfrýjun málsins. Dómþoli hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 10. nóvember 1997, og rann gæsluvarðhaldið út kl. 16.00 í dag. Sýslumaður hefur nú gert kröfu um framhald gæsluvarðhalds á grundvelli c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómþoli mótmælir kröfunni og telur, að c-liður 103. gr. laga nr. 19/1991 eigi ekki við, þegar máli hefur verið áfrýjað.

Dómþoli er síbrotamaður og hefur hlotið tuttugu refsídóma frá árinu 1985, þar af fimmtán dóma fyrir brot gegn ákvæði 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telja verður líkur til, að hann haldi áfram brotum, gangi hann laus. Verður því fallist á kröfu sýslumanns og dómþoli úrskurðaður í gæsluvarðhald með skírskotun til 1. mgr. 103. gr., c-lið, laga nr. 19/1991. Verður honum gert að sæta gæsluvarðhaldi til 22. apríl 1998 kl. 16.00 eða þar til dómur gengur í máli hans í Hæstarétti Íslands.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómþoli, Unnar Sigurður Hansen, sæti gæsluvarðhaldi allt til 22. apríl 1998 kl. 16.00 eða þar til dómur gengur í máli hans í Hæstarétti Íslands.